



5. tbl. 6. nóv. 2003



Varaforsetaskipti

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landsambands íslenskra verzlunarmanna var kjörin varaforseti ASÍ til næstu tveggja ára, í stað Halldórs Björnssonar, sem gaf ekki kost á sér. Kosið var á milli Ingibjargar og Kristjáns Gunnarssonar, formanns VSKF.

Ingibjörg hefur lengi starfað í verkalyðshreyfingunni og hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum. Hún hefur m.a. verið formaður LÍV síðastliðin 14 ár og var annar af tveimur varaforsetum ASÍ um átta ára skeið, frá 1992, þar til lögum sambandsins var breytt árið 2000 og varaforsetum var fækkað úr tveimur í einn.

Vinnan.is óskar Ingibjörgu til hamingju með kjörið, um leið og Halldóri eru færðar þakkir fyrir störfin á þessum vettvangi. Halldór er hvergi nærri hættur afskiptum af verkalyðsmálum, því hann á sæti í miðstjórn ASÍ og er formaður Starfsgreinasambands Íslands.

Ritstjóri:
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:
Grétar Þorsteinsson



Ríkið verður að sýna meira aðhald

Hafnar eru mestu framkvæmdir Íslandssögunnar. Ætla má að þeim fylgi nýtt hagvaxtarskeið, þannig að hagvöxtur vaxi næstu árin og nái hámarki árið 2005. Síðan er gert ráð fyrir að úr hagvexti dragi árin 2006 og 2007.

Hagvaxtarskeiðið verður tímabundið og fyrst og fremst knúið áfram af miklum fjárfestingum. Við þessar aðstæður skiptir miklu hvernig hagstjórninni verður hagað, því hætt er við ofþenslu og ruðningsáhrifum gangvart útflutnings- og samkeppnisgreininum. Með rétttri hagstjórn er hægt að hámarka þau jákvæðu efnahagslegu áhrif sem framkvæmdunum fylgja og lágmarka þau neikvæðu. Of mikil áhersla á peningamálastjórnun, með háum vöxtum og háu gengi íslensku krónunnar, getur beinlínis verið skaðleg við þessar aðstæður. Því verður að gera þá kröfu að ríkisvaldið hamli gegn ofþenslu í efnahagslífinu með aðhaldssömum fjárlögum. Í þessu ljósi er nauðsynlegt að meta fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2004.

Hvað geta stjórnvöld gert?

Með því að beita ríkisfjármálum (og reyndar opinberum fjármálum ef sveitarfélögin axla sinn hluta af ábyrgðinni) geta stjórnvöld unnið á móti líklegum ofþensluáhrifum framkvæmdanna fyrir austan. Þetta er hægt með því að grípa til ýmissa aðgerða. Mikilvægt er að ríkissjóður sé rekinn með

jákvæðri afkomu, en samtímis verða aðgerðirnar að leiða til minni umsvifa ef þau eiga að slá á ofþenslu. Tæknilega geta eftirfarandi aðgerðir komið til greina, þó það sé síðan pólitísk ákvörðun ríkisstjórnarinnar hvað af þessum aðgerðum er valið:

1. Samdráttur rekstrarumsvifa ríkissjóðs – þ.e. samneyslunnar.
2. Samdráttur fjárfestinga og stofnkostnaðar hins opinbera.
3. Breytingar sem stuðla að samdrætti eða minni aukningu einkaneyslu:
 - a. Hækkun tekjuskatta.
 - b. Lækkun tekjutilfærslna.
 - c. Ýtt undir sparnað einstaklinga.

Það er síðan pólitísk ákvörðun hvað af þessum aðgerðum stjórnvöld velja að nota. Hún birtist í frumvarpi til fjárlaga og aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Fjárlagafrumvarpið

Fjárlagafrumvarpið vekur því miður litlar vonir um að stjórnvöld hyggist gæta hófs í aukningu á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Að vísu er boðað að ríkisfjármálin eigi að

leika lykilhlutverk í efnahagsstjórninni á komandi misserum en lítil merki eru um að ríkisvaldið ætli að fylgja þessu fyrirheiti eftir í verki. Til að sporna gegn of mikilli þenslu eru boðaðar sérstakar sparnaðar-aðgerðir í fjárlagafrumvarpinu. Samtals ætla ríkisstjórnin að spara 3,7 milljarða á næsta ári. Hagræn skipting þessa sparnaðar er þannig að 700 milljónir eiga að sparast í rekstrargjöldum, 1.500 milljónir í tilfærslum og 1.500 milljónir í stofnkostnaði. Við nánari skoðun kemur þó í ljós að einungis 100 milljónir af þessum sparnaðaráformum eru eiginlegur rekstur ríkissjóðs. Af þeim 700 milljónum sem í frumvarpinu er talið sem sparnaður í rekstrarútgjöldum eru áform um að hætta endurgreiðslu á hluta tryggingargjalds upp á um 600 milljónir vegna séreignarlífeyrissparnaðar. Eðlilegra er að flokka slíkt frekar sem tilfærslur en rekstur, enda um framlög að ræða til einstaklinga. Áform ríkisstjórnarinnar um sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum snúast því einungis að spara um 100 milljónir í eiginlegum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Skera á tilfærslur og framlög til einstaklinga niður um 2,1 milljarð. Niðurskurðurinn á tilfærsluhlið fjárlaganna nær til sjúkratrygginga, vaxtabóta, atvinnuleysisbóta og séreignarlífeyrissparnaðar. Slíkur niðurskurður dregur að sönnu úr einkaneyslu og spornar þannig gegn þenslu, en setja verður stórt spurningamerki við hvort eðlilegt eða skynsamlegt sé að sporna gegn of mikilli þenslu með því að rýra ráðstöfunartekjur þeirra verst settu í landinu, í stað þess að beina sjónum að rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

Það má að auki setja sérstakt spurningamerki við þau áform ríkisstjórnarinnar að ætla að draga úr hvatanum til sparnaðar með því að hætta að endurgreiða hluta tryggingargjalds vegna séreignarlífeyrissparnaðar. Þessi ráðstöfun dregur úr sparnaði einmitt á þeim tíma þegar miklu skiptir að hvetja almenning til sparnaðar. Áform ríkisstjórnarinnar um að skera niður í stofnkostnaði með því að fresta verklegum framkvæmdum og eignakaupum fram yfir mestu framkvæmdirnar fyrir austan verða að teljast eðlileg og skynsamleg við ríkjandi aðstæður.


Boðar fjárlagafrumvarpið breyttar áherslur?

Allan síðasta áratug jókst samneyslan þ.e. rekstur hins opinbera, sem hlutfall af landsframleiðslu. Á þessu ári er gert ráð fyrir að hún fari í 26,4% og hefur ekki í annan tíma verið hærri.

Í október í fyrra birti fjármálaráðuneytið þjóðhagsspá sem lögð var til grundvallar fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2003. Í þeirri spá gerði ráðuneytið ráð fyrir að samneyslan ykist um 1% að raungildi á árinu 2003. Nú gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því að samneysla ársins aukist um 3,5% á yfirstandandi ári og margt bendir til þess að þegar árið verður endanlega gert upp verði aukningin jafnvel enn meiri. Hver skyldi vera spá fjármálaráðuneytisins fyrir komandi ár? Gert er ráð fyrir að samneyslan aukist um 1%. Þá er eðlilegt að spyrja: Eru meiri líkur til þess að spá fjármálaráðu-

neytisins um vöxt samneyslunnar á næsta ári verði raunhæfari en spáin frá í fyrra? Því miður eru fá merki þess í fjárlagafrumvarpinu. Enn og aftur virðist sú aðferð vera notuð að viðurkenna ekki tilefni til útgjalda og vanáætla þannig kostnað án þess að reyna að koma í veg fyrir að kostnaðurinn falli til. Þannig er reynt að koma saman ágætlega áferðarfallægum fjárlögum.

Samneysla sem hlutfall af VLF



Meira aðhalds er þörf

Þegar fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2004 er metið út frá sjónarmiði efnahagsstjórnar virðist blasa við að ríkisstjórnina skortir þor til að takast á við sívaxandi rekstrarútgjöld ríkissjóðs. Samneyslan eykst stöðugt og aðhaldi að útgjöldum er fyrst og fremst beint að niðurskurði í tilfærslum, einkum til þeirra verst settu. Í frumvarpið vantar raunhæft mat á ríkisútgjöldunum. Þar virðist vera sama kerfisbundna vanmatið á ríkisútgjöldunum og á liðnum árum. Það er síðan beinlínis óskynsamlegt að nota sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum til þess að draga úr hvata almennings til sparnaðar undir þeim formerkjum að verið sé að hamla gegn mögulegri ofþenslu!

Auknar líkur virðast vera á að ráðist verði í stækkun Norðuráls og tengdar virkjanir. Við slíkar aðstæður reynir enn frekar á ábyrga stjórn ríkisfjármála. Lausung í ríkisfjármálum samfara miklum framkvæmdum mun í fyrstu kalla fram meiri hagvöxt en að stuttum tíma liðnum mun verðbólguþrýstingur aukast, vextir hækka, gengið styrkjast og atvinnuleysi aukast, auk þess sem slaki í efnahagslífinu mun koma fram fyrr og verða meiri en ella hefði orðið. Mistök í hagstjórn munu því fyrst og fremst bitna á almennu launafólki í formi verðbólgu og atvinnuleysis.

Við ríkjandi aðstæður í efnahagslífinu verður að gera þá kröfu að ríkisstjórnin stýri ríkisfjármálunum með ábyrgum og aðhaldsömum hætti. Það getur ekki verið ásættanlegt að byrðar hagstjórnar og aðhalds í útgjöldum hins opinbera verði settar á þá sem eru verst settir, þá sem eru algjörlega háðir tilfærslum frá ríkinu í formi bóta eða niðurgreiðslu á velferðarþjónustu. Full ástæða er því til þess að endurskoða fjárlagafrumvarpið. Verði af stækkun Norðuráls verður sú nauðsyn enn brýnni.

Aukinn hlutur erlends vinnuafls – bölvun eða blessun?

Nú eru stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi hafnar og starfa nú um 900 manns við byggingu Kárahnjúka-virkjunar. Þar af eru um 300 Íslendingar, eða 30%. Ýmis teikn eru á lofti um að færri Íslendingar muni starfa við þessa framkvæmd en í fyrstu var áætlað og að hlutfall erlendra starfsmanna fari vaxandi þegar á framkvæmdatímamann líður. Í forsendum fyrir spám Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins fyrr á þessu ári var gert ráð fyrir að innlent vinnuafll yrði 70-80%. Jafnframt var gert ráð fyrir að um 40% heildarkostnaðarins við framkvæmdirnar félli til innanlands en 60% erlendis.

Hagdeild ASÍ hefur skoðað hvaða áhrif hærra hlutfall erlendra starfsmanna hefði á þróun helstu hagstærða. Notuð var frumútgáfa af spálíkani sem deildin er að vinna í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Hafa ber í huga, að spáin byggir á líkani sem metur gögn á grundvelli sögulegra sambanda hagstærða.

Í athuguninni var gengið út frá svipuðum forsendum og Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið gerðu í sínum spám fyrr á árinu, nema hvað nú er gert ráð fyrir því að vægi erlends vinnuaflls verði mun meira en áður var gert ráð fyrir eða um 60%. Jafnframt er gert ráð fyrir að 25% kostnaðar falli til innanlands og 75% erlendis. Skoðuð voru tvö ár, 2004 og 2005.

Spálíkan Hagdeildar sýnir að hagvöxtur verður töluvert minni þegar reiknað er með hærra hlutfalli erlends vinnuaflls. Munurinn er á bilinu 1,3%-2,5%. Það sem



alvarlegra er, að mun hægar dregur úr atvinnuleysi, þannig að það gæti orðið 0,2%-0,4% meira en fyrri spár gerðu ráð fyrir.

Ríkisstjórnin kynnti stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi á sínum tíma á þeim forsendum að um væri að ræða mikilvæga atvinnupólítíska aðgerð sem mundi leiða til uppbyggingar atvinnulífs og lífsskjara launafólks bæði á Austurlandi og um land allt. Það er hins vegar að koma í ljós að íslenskt launafólk mun í minni mæli njóta ávaxtanna af þessum framkvæmdum en sitja aftur á móti uppi með neikvæðar afleiðingar þeirra. Ef þessar framkvæmdir leiða ekki til þess að atvinnuleysi minnki hratt, hlýtur að vakna sú spurning, til hvaða aðgerða stjórnvöld ætli að grípa til þess að draga úr atvinnuleysi.



Halldór Björnsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í embætti varaforseta ASÍ. Halldór stjórnaði fundinum í upphafi, þar til fundarstjóri hafði verið kjörinn.

Ársfundur ASÍ

Ársfundur ASÍ var haldinn dagana 23. og 24. október sl. á Hótel Nordica í Reykjavík. Á fundinum var m.a. fjallað um efnahags- og kjaramál og atvinnu- og byggðamál. Fundurinn afgreiddi frá sér ályktanir um ýmis mál. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á samþykkt ársfundarins um atvinnu- og byggðamál, þar sem lögð er áhersla á að samþætta stefnu í efnahags- atvinnu- og félagsmálum. Samþykktina og aðrar ályktanir og samþykktir ársfundarins er að finna á [vef ASÍ](#).